# Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag

Ársreikningur

# 2021

Hvetjandi hf.eignarhaldsfélag
Árnagötu 2-4
400 Ísafjörður
kt. 510204-3790

# Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag

## Ársreikningur

## 2021

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-13 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hvetjanda hf., eignarhaldsfélags.

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvetjanda hf., eignarhaldsfélags fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hvetjanda hf á árinu 2021, efnahag 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Hvetjanda hf í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 26. september 2022.

**Endurskoðun Vestfjarða ehf.**

Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Hvetjanda hf. eignarhaldsfélags fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hagnaður félagsins á árinu 2021 nam kr. 24.575.220 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 259.801.245, bókfært eigið fé í árslok er kr. 250.684.026 og eiginfjárhlutfall félagsins er 96,5%.

Í upphafi árs og við lok þess voru 12 hluthafar í félaginu. Þeir eru, Byggðastofnun 38,17%, Ísafjarðarbær 19,09%, Vestinvest 16,63%, Landsbankinn hf 13,97% Verkalýðsfélag Vestfirðinga 1,66%, Dress Up Games ehf 1,66%, Bolungarvíkurkaupstaður 2,26%, Gildi lífeyrissjóður 1,36%, Tálknafjarðarhreppur 0,67%, Súðavíkurhreppur 1,64% og Fiskvinnslan Íslandssaga hf. og Klofningur ehf. 0,21% hvort félag. Hlutafé í árslok nemur kr. 263.135.356 en félagið á sjálft kr. 6.510.719 hlutafjárins eða 2,47%. Samkvæmt samþykktum félagsins hefur stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé í kr. 500 milljónir.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Engin laun voru greidd á árinu.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Hvetjanda hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hvetjanda hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Ísafirði, 26. september 2022

## Í stjórn

Jón Páll Hreinsson

Arna Lára Jónsdóttir

Guðbjörg Óskarsdóttir

Neil Shiran Þórisson

Pétur Grétarsson

## Framkvæmdastjóri

Kristján G. Jóhannsson

# Rekstrarreikningur ársins 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 1.410.974 | 602.711 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3 | 0 | (551.863) |
| Verðbreytingar verðbréfasafns | | 25.208.496 | (3.106.880) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (897.636) | (1.888.839) |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta** | | 25.721.834 | (4.944.871) |
| Tapað hlutafé og niðurfærslur | | 0 | (31.270.267) |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | 5 | (1.146.614) | 9.113.525 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | | 24.575.220 | (27.101.613) |
| Tekjuskattur | 4 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 24.575.220 | (27.101.613) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| Eignir | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Eignarhlutar í félögum | 5 | 125.861.944 | 98.669.984 |
| Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 5 | 15.774.084 | 44.353.879 |
| | | 141.636.028 | 143.023.863 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Fjármagnstekjuskattur, inneign | 6 | 310.413 | 23.110 |
| Lofað hlutafé | | 3.000.000 | 0 |
| Handbært fé | 6 | 114.854.804 | 80.153.555 |
| | | 118.165.217 | 80.176.665 |
| **Eignir** | | 259.801.245 | 223.200.528 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Hlutafé | | 256.624.638 | 253.624.638 |
| Lögbundinn varasjóður | | 500.000 | 500.000 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 0 | 8.484.541 |
| Gangvirðisreikningur | | 18.145.420 | 5.526.697 |
| Ójafnað tap | | (24.586.032) | (45.027.070) |
| Eigið fé | | 250.684.026 | 223.108.806 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 9.117.219 | 91.722 |
| | | 9.117.219 | 91.722 |
| Skuldir | | 9.117.219 | 91.722 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 259.801.245 | 223.200.528 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta | | 24.575.220 | (27.101.613) |
| Sölutap (söluhagnaður) hlutabréfa | | (12.589.773) | 30.865.935 |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 1.146.614 | (9.113.525) |
| Verðbreytingar hlutabréfaeignar og óbein niðurfærsla | | (12.618.723) | 3.106.880 |
| **Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta** | | 513.338 | (2.242.323) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun | | (3.287.303) | 308.875 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 9.025.497 | (16.175) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta** | | 6.251.532 | (1.949.623) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 6.251.532 | (1.949.623) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Afborganir skuldabréfa | | 0 | 6.000.000 |
| Keypt/seld fjárfestingaverðbréf | | 25.449.717 | 64.252.415 |
| | | 25.449.717 | 70.252.415 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgað hlutafé og lofað hlutafé | 7 | 3.000.000 | 3.499.999 |
| | | 3.000.000 | 3.499.999 |
| Hækkun handbærs fjár | | 34.701.249 | 71.802.791 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 80.153.555 | 8.350.764 |
| Handbært fé í lok árs | | 114.854.804 | 80.153.555 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag var stofnað í janúar 2004 af Ísafjarðarbæ og er þolinmóður fjárfestir. Tilgangur félagsins er að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga sem rekin eru á grundvelli arðssjónarmiða, fela í sér nýmæli í atvinnulífi og eða eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á norðanverðum Vestfjörðum. Félagið mun fjárfesta í hlutabréfum slíkra félaga eða í skuldabréfum sem breyta má í hluti í þeim. Fjárfestingar verða í samræmi við fyrirfram mótaða fjárfestingarstefnu sem hefur fagleg vinnubrögð, arðsemi fjárfestinga og áhættudreifingu að leiðarljósi. Tilgangur félagsins er jafnframt öll önnur starfsemi sem nauðsynleg telst til að ná ofangreindum markmiðum og er í samræmi við gildandi lög.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hvetjanda hf. eignarhaldsfélags fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru eignir sem notaðar eru til öflunar leigutekna og/eða til verðmætaaukningar og eru bókfærðar á markaðsverði á reikningsskiladegi. Matsbreyting fjárfestingareigna er færð í gegnum rekstrarreikning á því tímabili sem matsbreytingin á sér stað.

# Skýringar

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Laun | 0 | 465.000 |
| Lífeyrissjóður | 0 | 53.940 |
| Önnur launatengd gjöld | 0 | 32.923 |
| | 0 | 551.863 |

Aðeins er um stjórnarlaun að ræða, enginn starfsmaður er ráðinn til félagsins.

## 4. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2021 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

Þrátt fyrir uppsafnað skattalegt tap félagsins er tekjuskattsinneign ekki reiknuð þar sem óvíst er um nýtingu tapsins.

## 5. Eignarhlutar í félögum

| | Eignarhluti | Nafnverð | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í félögum:** | | | | |
| Laugarhóll ehf. | 14,39% | 5.000.000 | 5.000.000 | |
| Snerpa ehf. | 10,00% | 530.000 | 16.960.000 | Fært úr hlutdeild |
| Icelandic Sea Angling hf. | 4,21% | 2.500.000 | 1.329.000 | |
| Vesturferðir ehf | 9,68% | 1.200.000 | 1.200.000 | |
| Símaverið ehf | 26,79% | 7.000.000 | 0 | Selt á árinu |
| Kampi ehf. | 10,00% | 5.045.760 | 3.106.880 | |
| Arna ehf. | 5,83% | 116.667 | 12.616.695 | |
| Fiskvinnslan Drangur ehf | 4,08% | 1.000.000 | 2.910.000 | |
| Skúrin, samfélagsmiðstöð ehf. | 21,40% | 1.500.000 | 1.500.000 | |
| Útgerðarfélagið Skúli ehf. | 6,39% | 5.168.557 | 12.299.994 | |
| Skútusiglingar ehf | 18,18% | 4.545.455 | 15.000.000 | |
| Fiskvinnslan Íslandssaga hf | 19,23% | 25.000.000 | 25.000.000 | |
| Sætt og salt ehf | 15,79% | 93.750 | 9.000.000 | |
| Norðureyri ehf. | 3,55% | 31.903 | 19.939.375 | |
| | | 58.732.092 | 125.861.944 | |

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 98.669.984 | 197.299.546 |
| Fært úr hlutdeild á árinu | 9.445.757 | 0 |
| Niðurfært á árinu | 0 | (3.106.880) |
| Selt á árinu | (3.872.520) | (99.022.680) |
| Keypt á árinu | 9.000.000 | 3.499.998 |
| Breyting á verðmati hlutabréfaeignar | 12.618.723 | 0 |
| Staða í árslok | 125.861.944 | 98.669.984 |

Samkvæmt kaup- og söluréttarsamningi vegna hlutafjár í Norðureyri ehf. milli Klofnings hf og fimm hluthafa í Norðureyri hefur Hvetjandi skuldbundið sig til að selja alls 11.121 hlut á næstu árum. Söluverð hlutanna er krónur 625 á hvern hlut auk vaxta af seljendaláni Klofnings ehf. til Norðureyrar. Á árinu 2021 voru seldir 8328 hlutir fyrir kr. 5.303.497.

Allir hlutir í Símaverinu ehf voru seldir á árinu. Söluverð kr. 3.610.220. Seldir voru 798.000 hlutir í Snerpu ehf á árinu. Söluverð kr. 25.536.000.

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

| | Afkoma | | Eigið fé | |
|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2020 | 2021 | 2020 |
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | | |
| Virknihús ehf. | (1.146.614) | | 15.774.084 | 16.920.698 |
| | (1.146.614) | 0 | 15.774.084 | 16.920.698 |
| **Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:** | | | | |
| Snerpa ehf. | 0 | (497.965) | 0 | 23.667.858 |
| Símaverið ehf. | 0 | (131.019) | 0 | 3.765.323 |
| | 0 | (628.984) | 0 | 27.433.181 |
| Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög | (1.146.614) | (628.984) | 15.774.084 | 44.353.879 |

## 6. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 310.413 | 23.110 |
| | 310.413 | 23.110 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 114.854.804 | 80.153.555 |
| | 114.854.804 | 80.153.555 |

## 7. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Hlutafé í árslok | 256.624.638 | 97,5% | 256.624.638 |
| Eigin hlutir í árslok | 6.510.718 | 2,5% | 6.510.718 |
| | 263.135.356 | 100,0% | 263.135.356 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 263.135.356 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

| | Hlutafé | Bundinn hlutdeildarreikn. | Lögbundinn varasjóður | Gangvirðis-reikningur | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2020 | 263.135.356 | (628.984) | 500.000 | 5.526.697 | (8.811.932) |
| Eigin hlutir | (13.010.716) | | | | |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 9.113.525 | | | (9.113.525) |
| Keyptir/seldir eigin hlutir | 3.499.998 | | | | |
| Tap ársins | | | | | (27.101.613) |
| Eigið fé 1.1.2021 | 253.624.638 | 8.484.541 | 500.000 | 5.526.697 | (45.027.070) |
| Eigin hlutir seldir á árinu | 3.000.000 | | | | |
| Gangvirðisbreyting | | | | 12.618.723 | (12.618.723) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | (8.484.541) | | | 8.484.541 |
| Hagnaður ársins | | | | | 24.575.220 |
| Eigið fé 31.12.2021 | 256.624.638 | 0 | 500.000 | 18.145.420 | (24.586.032) |

## 8. Önnur mál

Á hluthafafundi í Hvetjanda hf., eignarhaldsfélagi, þann 28/12 2004 var samþykkt eftirfarandi: "Þrátt fyrir ákvæði í fjárfestingarstefnu Hvetjanda hf. eignarhaldsfélags, samþykkir hluthafafundurinn að núverandi hluthöfum verði heimilað að leggja fram hluti í félögum sem þeir kunna að eiga nú (árið 2004) og stjórn félagsins metur hæf til að verða í eignasafni þess, gegn yfirlýsingu þessara sömu hluthafa, um að verði hlutafé þessara félaga niðurfært eða afskrifað, muni hlutafjáreign þeirra í Hvetjanda hf. eignarhaldsfélagi , sem greidd verður með þessum hætti, afskrifast sem því nemur og eignarhlutur annarra hluthafa Hvetjanda hf., aukast að sama skapi. Komi til þessa hafa hluthafar þó rétt til að áskilja sér rétt til að viðhalda hlutafjáreign sinni í Hvetjanda hf. eignarhaldsfélagi, með peningagreiðslu í stað hins afskrifaða hlutafjár. Skal yfirlýsing þessa efnis gilda í þrjú ár frá undirritun."

Stjórn félagsins lítur svo á að sömu skilmálar gildi við frekari hlutafjáraukningu sem er í því formi að leggja fram hlutabréf í öðrum félögum.

## 10. Atburðir eftir reikningsskiladag

Nokkur óvissa er um hvaða áhrif Kórónuveiran Covid-19 mun hafa á félagið. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi þess vegna þessa.

# Sundurliðanir

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Arður af hlutabréfaeign | 979.342 | 0 |
| Vaxtatekjur | 431.632 | 198.379 |
| Hagnaður af sölu hlutabréfa | 0 | 404.332 |
| | 1.410.974 | 602.711 |

## Laun og annar starfsmannakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Vinnulaun | 0 | 465.000 |
| Tryggingagjald | 0 | 32.923 |
| Lífeyrissjóður | 0 | 53.940 |
| | 0 | 551.863 |

## Annar rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Aðkeypt sérfræðiráðgjöf | 0 | 310.000 |
| Umsýslukostnaður | 0 | 900.000 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 716.612 | 641.235 |
| Lögfræðikostnaður | 136.400 | 0 |
| Ýmis kostnaður | 44.624 | 37.604 |
| | 897.636 | 1.888.839 |